

Þriðjudaginn 9. maí 1972.

Nr. 22/1972. **Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Björn Hermannsson hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómaramirnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Tollgjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1972 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum tollgjald, kr. 79.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirtækinu Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes var slitið 31. desember 1971, en samkomulag varð milli eigenda, að mál þetta yrði rekið í nafni þess hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. desember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 6. þ. m., hafa Gullsmiðir Steinþór og Jóhannes hér í borg höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni hinn 26. maí 1970, til endurgreiðslu ofgreiddra tollgjalda að fjárhæð kr. 19.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags svo og til

greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. febrúar 1969 flutti stefnandi út 170 kg. af gull- og silfuraffalli í einu lagi til vinnslu „á affallinu í hráefni“, eins og segir í útflutningsskýrslu. Var affallið sent til firmans Johnson Matthey Chemicals Ltd., Englandi. Hinn 28. júní 1969 barst stefnanda sending frá hinu erlenda firma, er hafði að geyma gullplötur og duft 1.629 kg. að þyngd og silfurplötur og vír 4.070 kg. að þyngd. Á aðflutningsskýrslu er sú grein gerð fyrir sendingu þessari, að hér sé um að ræða málma, sem hafi verið endursendir eftir úrvinnslu. Stefnandi taldi sér aðeins bera að greiða toll af kostnaði við hreinsun málmanna í Englandi og öðrum áföllnum kostnaði ásamt flutningskostnaði og váttryggingu og næmi tollur þannig reiknaður kr. 10.222.00. Tollyfirvöld töldu hins vegar, að stefnanda bæri að greiða toll af öllu verðmæti sendingarinnar ásamt flutningskostnaði og váttryggingu, er samkvæmt því næmi kr. 89.543.00. Stefnandi greiddi þessa fjárhæð með fyrirvara og hefur nú höfðað mál þetta til endurgreiðslu á mismuni hennar og fjárhæðar þeirrar, sem hann taldi sér bera að greiða samkvæmt útreikningi sínum.

Í bréfi, sem lögmaður stefnanda ritaði Rannsóknastofnun iðnaðarins hinn 14. ágúst 1969, segir m. a.:

„Gullsmiðir hér á landi hafa jafnan haft þann hátt á, að þeir hafa haldið saman hroða, er safnast hefir á gólf þeirra og borð, svo og stundum síað þvottavatn og haldið til haga því, sem sezt hefir til. Er þetta gert í þeim tilgangi að safna úr þessu góðmálum þeim, er í þessu finnst.

Í öðru lagi hafa þeir jafnan haldið saman silfursvarfi, er til hefir fallið, í því skyni að bræða það upp í plötur, vír eða stengur.

Sakir þess að hér á landi er ekki til stofnun, er leggi fyrir sig þvilíka vinnslu, hafa þeir orðið að senda þetta utan til hreinsunar, og hefir jafnan verið greiddur tollur af vinnslu og sendingarkostnaði einum.

Nú hafa tolyfirvöld breytt fyrri praxis sínum og krefja um toll af silfur- og gullverðinu sjálfu og bera þar fyrir sig 4. gr. tollskrárlaga nr. 7, 1963“.

Óskaði lögmaðurinn eftir álitu rannsóknastofnunarinnar á því, hvort telja megi, að áðurgreindir málmar í svarfi og hroða „breyti svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir“.

Svarbréf Rannsóknastofnunar iðnaðarins frá 26. ágúst 1969 er svohljóðandi:

„Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur mótttekið bréf yðar, dags. 14. ágúst 1969, varðandi tollun á endurunnum afgangum frá gull- og silfursmiðjum.

Afgangar þessir eru verðmæt hráefni, og erlendis eru sérstök fyrirtæki, sem annast endurvinnslu eða aðgreiningu og hreinsun afganganna í málma þá, sem eru í sem blanda í hroðanum, og þá gegn greiðslu hreinsunarkostnaðar.

Við hreinsunina breytist ekki eðli málmanna, og að álitum Rannsóknastofnunar iðnaðarins eru hinir hreinsuðu málmar eftir sem áður hráefni, ef þeir eru einungis í formi plötu eða vírs. Ef ágreiningur er vegna efnainnihalds afganganna, þá getur Rannsóknastofnun iðnaðarins skorið úr með einföldum efnagreiningum“.

Hinn 21. nóvember 1969 ritaði lögmaður stefnanda fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem hann skýrði það sjónarmið gullsmiða, að þeir telji óréttlátt, að þeir séu látnir greiða tollgjöld af gull- og silfurplötum, sem endurunnar eru úr svarfi og affalli, eins og um nýja vöru sé að ræða, en þeir færast hins vegar ekki undan að greiða toll af vinnslukostnaðinum. Kemur og fram í bréfinu, að hér sé um að ræða breytingu á fyrri framkvæmd tolllaga. Er jafnframt óskað eftir úrskurði ráðuneytisins um þetta efni.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 1. desember 1969, kemur fram, að ráðuneytið telji, að lagaheimild skorti til að innheimta aðflutningsgjöld af vinnslukostnaðinum eingöngu og samkvæmt alþjóðlegri tollskýrgreiningu sé hér um nýja vöru að ræða. Því beri að álitum ráðuneytisins að innheimta toll samkvæmt því.

Krafa stefnanda er byggð á ákvæði 4. gr. laga um tollskrá nr. 7/1963, sbr. nú lög nr. 1/1970. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að svarf og affall það, sem stefnandi hafi sent út til endurvinnslu erlendis, sé fallið til af málmum, sem áður hafi verið greiddir tollar af. Sökum þess að eigi sé til aðstaða hér á landi til að endurvinna málma þessa, sé nauðsynlegt að senda þá til erlendra vinnlustofnana. Þrátt fyrir vinnslu þá, sem málmarnir sæti, sé þar um að ræða sama hráefnið, sem komi aftur til landsins, og því sé ekki um það að ræða, að úr hráefninu séu unnir nýir hlutir. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með afstöðu þeirri, sem tollyfirvöld og fjármálaráðuneytið hafi tekið til máls þessa, sé um að ræða breytingu frá fyrri framkvæmd tolllaga varðandi þetta efni. Af hálfu stefnanda hefur verið bent

á tollafgreiðslur frá árunum 1952, 1962 og 1967, sem hafi verið framkvæmdar í samræmi við sjónarmið stefnanda máls þessa. Er því haldið fram, að tollgreiðendur þurfi ekki að sæta slíkri breytingu á áralangri framkvæmd tolllaga, sem sé þeim í óhag.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að ósannað sé, að munir þeir, sem hér er deilt um í málinu, séu þeir sömu og sendir voru á sínum tíma til útlanda til endurvinnslu. Þá er því haldið fram, að þótt stefnanda takist að sanna þetta, þá sé aðvinnslan þess eðlis, að undanþáguákvæði 1. málsgr. 4. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 taki ekki til hennar, heldur hafi munirnir breytt svo eðli sínu, að úr hafi orðið nýir munir og falli því undir 2. málsgr. 4. gr. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef tekin sé ákvörðun um það, hvort aðvinnslan sé þess eðlis, að hún falli undir 1. málsgr. 4. gr. tollskrárlaganna eða ekki, megi hafa hliðsjón af því, hvert sé tollskrárnúmer hinnar útfluttu vöru og hvert sé tollskrárnúmer hinnar innfluttu vöru. Ljóst sé, að úrgangur góðmálma og afklippur teljist til nr. 71.11 í tollskrá, en hin innflutta vara í plötum eða stöngum teljist til nr. 71.05 eða nr. 71.07, eftir því hvort silfur eða gull um sé að ræða. Þá er því haldið fram, að tollstjórum beri að sjálfsögðu að fara eftir lögum við innheimtu tollgjalda og skjátlist þeim í einstöku tilfellum eða túlki lagaákvæði á annan hátt en vera ber, skapi það ekki bindandi fordæmi fyrir alla framtíð. Er viðurkennt, að það hafi borið við, að af tollgjaldasendingum eins og þeirri, sem fjallað er um í máli þessu, hafi verið innheimt á hinn mildari hátt, þ. e. af vinnslukostnaðinum einum. Er á það bent, að fjármálaráðherra, sem hafi yfirstjórn tollmála, hafi skorið úr ágreiningi um eðlis- og tollverð vöru eins og þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, sem Félag gull- og silfursmiða hafi borið undir ráðuneytið með bréfi frá 31. maí 1966. Hafi afstaða ráðuneytisins, sem kynnt hafi verið kæruaðilja með bréfi, dags. 16. september 1966, verið sú, að greiða bæri toll af fullu verðmæti varanna. Þar sem því hafi þá verið haldið fram við ráðuneytið, að hér væri verið að þyngja gildandi venju hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík, hafi ráðuneytið fallizt á það munnlega við tollstjóraembættið, að af þeim sendingum, sem þá væru til afgreiðslu eða sannanlega í vinnslu erlendis, yrði tollur eingöngu heimtur af vinnslukostnaði. Til þessarar ákvörðunar megi rekja tollafgreiðsluna frá 1967, sem vitnað sé til af hálfu stefnanda í málinu, en hinar afgreiðslurnar séu eldri en þessi úrskurður ráðuneytisins. Er á það bent af hálfu stefnda, að vara sú, sem nú sé stefnt út

af, hafi verið flutt til landsins 26. júní 1969, eða nærri þrem árum eftir framangreindan úrskurð, og geti innflytjendur þessarar vöru, sem væntanlega séu aðiljar að Félagi íslenzkra gullsmiða, því ekki verið í góðri trú um, að undanþáguákvæði 4. gr. tollskrárlaga eigi við um þessa afgreiðslu.

Framkvæmd einstakra tollyfirvalda á lögum um tollskrá, sem reynist röng, bindur eigi stefnda sem æðsta framkvæmdavaldshafa um tollheimtu. Fjármálaráðherra hafði þegar á árinu 1966 úrskurðað sams konar ágreiningsefni og hér er til meðferðar, og var niðurstaðan andstað sjónarmiði því, sem stefnandi byggir á. Verður því eigi talið, að stefndi verði á grundvelli fordæma bundinn við það sjónarmið við ákvörðun tolls af sendingu stefnanda, sem hann krefst. Eins og áður er rakið, sendi stefnandi í einu lagi gull- og silfuraffall til vinnslu hjá hinu erlenda fyrir-tæki. Var unnið úr því 1.629 kg. af gulli að hreinleika 999 og 4.07 kg. af silfri að hreinleika 925. Kom gullið sem gullplötur og duft, en silfrið sem silfurplötur og vír. Verður að telja, að við þessa vinnslu affallsins hafi orðið slík breyting á eðli þess, að úr hafi orðið nýir hlutir, og því beri stefnanda að greiða af sendingunni toll í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 2. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1970. Eigi er ágreiningur um útreikning fjárhæðar tolls þess, sem stefnanda var gert að greiða. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni Jakobssyni efnafræðingi og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gullsmiða Steinþórs og Jóhannesar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Jóhanns J. Ólafssonar.

Samkvæmt íslenzkum rétti ber að túlka lög, sem leggja gjaldskyldu á þegnana, þrengjandi lögskýringu, ef um íþyngjandi atriði er að ræða. 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970, tekur skýrt fram, að hún eigi við muni eða hluti, og samkvæmt eðli sínu er henni ætlað að fjalla eingöngu um einstaklega ákvarðaða

hluti andstætt ákvæðum VII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sem er víðtækari og fjallar um vörur. Verður því að álykta, að almennt ákvarðaðar vörur, svo sem hráefni það, er greinir í þessu máli, falli utan við 4. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970. Í samræmi við ofangreinda lögskýringu verður að telja, að 1. gr. laga nr. 7/1963, sbr. nú 1/1970, eigi aðeins við um, að tollur verði greiddur einu sinni af hverri vöru, þegar hún er flutt í fyrsta skipti inn á tollsvæði ríkisins. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem leiðir rök að því, að hráefni það, sem greinir í þessu máli, sé annað en það, sem út var sent. Í samræmi við þetta ber aðeins að greiða toll af þeim liðum, sem ekki hafa verið tollaðir áður, þ. e. vinnslukostnaði og flutningskostnaði, svo sem haldið er fram af hálfu stefnanda og eigi er tölulegur ágreiningur um. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.00.

Dómsorð mitt verður því:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gullsmiðum Steinþóri og Jóhannesi, kr. 79.321.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. maí 1972.

Nr. 187/1971. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar** (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 gegn
Reyni s/f (Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.